

Kópavogsbær, kt. 700169-3759, og Skógræktarfélag Kópavogs, kt. 601072-0179, gera með sér svohljóðandi

SAMSTARFSSAMNING **um skógrækt í Kópavogi og rekstur Guðmundarlundar**

1. gr.

Markmið samningsins

Kópavogsbær og Skógræktarfélag Kópavogs skuldbinda sig með samkomulagi þessu til áframhaldandi samstarfs um skógrækt í Kópavogi. Aðilar samningsins munu einnig hafa samstarf um rekstur og umhirðu Guðmundarlundar. Skógræktarfélagið mun sjá um daglegan rekstur Leiðarenda 3 í Guðmundarlundi.

2. gr.

Verkefni Skógræktarfélags Kópavogs

Skógræktarfélag Kópavogs mun hafa Guðmundarlund opinn fyrir almenningi og sjá um rekstur á svæðinu og vinna að uppbyggingarstarfi þar. Félagið annast einnig umhirðu Hermannsgarðs í Guðmundarlundi í samvinnu við Garðyrkjufélag Íslands og garðyrkjustjóra Kópavogsbæjar. Sjá fylgiskjal 1.

Skógræktarfélag Kópavogs hefur einnig umsjón með öðrum þeim skógræktar- og útivistarsvæðum, sem samningar eru um á hverjum tíma, í samvinnu við garðyrkjustjóra Kópavogsbæjar, sem og önnur svæði sem félaginu munu verða falin til ræktunar. Þau svæði eru nú á Vatnsendaheiði, á Selhólum og Selfjalli í Lækjarbotnum og nýtt skógræktar- og útivistarsvæði á Lakheiði mun bætast við á samningstímanum. Jafnframt mun félagið annast umhirðu Magnúsarlundar á Kjóavöllum. Sjá fylgiskjal 2.

Skógræktarfélag Kópavogs annast verkstjórn vinnuflokka og stýrir undirbúningi verka á svæðunum, s.s. gróðursetningu, umhirðu, stígagerð o.fl. Vinnuflokkar eru annars vegar skipaðir sumarstarfsfólki, 18 ára og eldri, og hinsvegar íbúar í þjónustu velferðarsviðs sem eru í virkniúrræði hjá Skógræktarfélaginu. Að auki koma íbúar frá íbúðakjörnunum Dimmuhvarfi og Austurkór í tímabundna vinnu í Guðmundarlundi. Skógræktarfélag Kópavogs kemur einnig að umhverfisfræðslu í Vinnuskóla Kópavogs.

Skógræktarfélag Kópavogs skal bjóða bæjarbúum, félagasamtökum og fyrirtækjum að taka þátt í gróðursetningum á skógræktarsvæðum og kolefnisjafna skv. nánari útfærslu.

Skógræktarfélag Kópavogs tekur þátt í að móta miðstöð útináms í Guðmundarlundi í samstarfi við menntasvið Kópavogsbæjar. Félagið hefur áfram umsjón með Yrkjuverkefninu og tekur á móti hópum leik- og grunnskólabarna í Guðmundarlundi og skipuleggur fræðslu í formi fyrirlestra og fræðslugangna. Einnig stendur félagið fyrir fræðslu til almennings.

fM





3. gr.

Miðstöð útináms í Guðmundarlundi

Menntasvið Kópavogsbæjar mun, í samstarfi við Skógræktarfélag Kópavogs og Náttúrufræðistofu Kópavogs, leiða þróunarverkefni sem miðar að því að móta og innleiða miðstöð útináms í Guðmundarlundi fyrir skóla- og frístundastarf í Kópavogi.

Í miðstöð útináms verður lögð áhersla á að efla fjölbreytt nám í náttúrulæsi, umhverfis- og náttúruvernd, mikilvægi útivistar og lýðheilsu og sjálfbærni, í samræmi við menntastefnu Kópavogs og áherslur í aðalnámskrá leik- og grunnskóla. Menntasvið leiðir vinnuteymi þróunarverkefnis, sem 1-2 fulltrúar Skógræktarfélags Kópavogs eiga sæti í, og hefur það hlutverk að þróa og innleiða markvisst útinám í Guðmundarlundi. Þjónustuhús Guðmundarlundar verður miðstöð fyrir hópa barna og unglinga í skóla- og frístundastarfi sem sækja útinám á staðnum.

4. gr.

Notkun og aðgengi að þjónustuhúsi í Guðmundarlundi

Kópavogsbær nýtur forgangs að húsinu fyrir fundarhöld, heimsóknir leik- og grunnskóla- og frístundir á virkum dögum kl. 8:00-18:00 en Skógræktarfélag Kópavogs utan þess tíma. Kópavogsbær hefur heimild til að nýta húsið einnig fyrir fundi og viðburði fyrir starfsfólk og gesti bæjarins á kvöldin og um helgar og er þá sérstaklega samið um notkun þess við Skógræktarfélag Kópavogs. Það sama á við um Skógræktarfélag Kópavogs á daginn á virkum dögum.

Skógræktarfélag Kópavogs hefur heimild til að leigja húsið út á kvöldin og um helgar og getur jafnframt samið við Kópavogsbæ um notkun á virkum dögum séu stofnanir á vegum bæjarins ekki að nýta húsið. Leigutekjur renna til Skógræktarfélags Kópavogs og skulu nýtast til uppbyggingar í Guðmundarlundi. Kópavogsbær greiðir ekki leigu fyrir notkun hússins á kvöldin og um helgar en greiðir fyrir þríf eftir notkun.

Þjónustuhúsið í Guðmundarlundi er að Leiðarenda 3. Eignarhlutur Kópavogsbæjar í því er 55% og Skógræktarfélags Kópavogs 45% samkvæmt samkomulagi þessara aðila dags. 29. október 2014. Sjá nánar fylgiskjal 1.

Kópavogsbær leggur til þann búnað sem nauðsynlegur er vegna starfsemi bæjarins í þjónustuhúsinu að Leiðarenda 3 og greiðir allan viðhaldskostnað.

5. gr.

Framlag Kópavogsbæjar

Kópavogsbær greiðir öll fasteignagjöld, þ.e. fasteignaskatt, vatnsgjald, holræsagjald, lóðaleigu, sorpeyðingargjald og aukavatnsgjald, vegna Leiðarenda 1 og 3. Þá greiðir Kópavogsbær einnig tryggingar, heilbrigðiseftirlitsgjald, öryggiskerfi, hita og rafmagn fyrir þjónustuhúsið að Leiðarenda 3.

Kópavogsbær leggur til aðstoðarmann vegna stjórnunar og vinnuflokka með flokkstjórum hvert ár til þess að aðstoða Skógræktarfélagið við verkefni sín. Einnig greiðir Kópavogsbær kostnað vegna þessara vinnuflokka, s.s. vinnuskúra, salerni,

bm

XO



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

flutning o.p.h., auk bíls vegna verkstjórnar. Allur efnis- og verktakakostnaður vegna verkanna greiðist af Kópavogsbæ.

Kópavogsbær greiðir Skógræktarfélagi Kópavogs árlega kr. 14.000.000 vegna verkefna félagsins samkvæmt samningi þessum. Helmingur árlegrar greiðslu greiðist í apríl og september. Endurskoða skal fjárhæðir við gerð fjárhagsáætlunar Kópavogsbæjar fyrir hvert.

6. gr. Gildistími

Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2022 til ársloka 2024 en er uppsegjanlegur af beggja hálfu með 6 mánaða fyrirvara.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, eitt fyrir hvorn aðila.

Kópavogi, 25. maí 2022

f.h. Kópavogsbæjar


f.h. Skógræktarfélags Kópavogs


Ármann Kr. Ólafsson
bæjarstjóri


Þröstur Magnússon
formaður

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift aðila:

 220360-4909
Nafn og kt.

 100656-3109
Nafn og kt.



Fylgiskjal 1. Guðmundarlundur



Guðmundur Jónsson hóf trjárækt á svæðinu árið 1967. 30 árum síðar fól hann og fjölskylda hans Skógræktarfélagi Kópavogs umsjá lundarins sem síðar fékk nafnið Guðmundarlundur.

Hermannsgarður í Guðmundarlundi er sérstakur og fallegur blómagarður, gerður árið 2008. Hann er samvinnuverkefni Kópavogsbæjar, Skógræktarfélags Kópavogs og Garðyrkjufélags Íslands til minningar um Hermann Lundholm sem var garðyrkju-ráðunautur Kópavogsbæjar og einn af stofnendum Skógræktarfélags Kópavogs.

Við endurskoðun aðalskipulags Kópavogs árið 2014 var Guðmundarlundur settur undir hverfisvernd (bæjarvernd).

Auk skógarins eru í lundinum stórar grasflatir sem nýttar eru til leikja og samkomuhalds, auk leiksvæða. Fjöldi göngustíga liggja um lundinn og þar er einnig að finna minigolfvöll, fríbigolfvöll og leiksvæði sem Kópavogsbær hefur sett upp. Þar eru einnig grillaðstaða á fjórum stöðum og útsalerni.


Skógræktarfélagið leigir út grillaðstöðu á þremur þessara staða. Þó Guðmundarlundur sé öllum opin skulu gestir taka tillit til tímabundinna takmarkana sem geta verið á hluta svæðanna þegar um stórsamkomur er að ræða.

bm


PA



Mæliblað fyrir Leiðarenda 1, Guðmundarlund.



Mæliblað fyrir Leiðarenda 3, þjónustuhús.




bm

XB


Fylgiskjal 2. Svæði í umsjá Skógræktarfélags Kópavogs

Vatnsendaheiði

Þar er 100 ha skógræktarsvæði sem byrjað var að gróðursetja í árið 1994, skiptist þá í 30 ha landnemaspildur, 20 ha Skólaskóga og 50 ha Landgræðsluskógasvæði. Samningur um Landgræðsluskógasvæðið rann út sumarið 2018. Hægt er að planta meira í landið skv. skógræktarskipulagi frá 1995:



Samþykkt útivistar- og skógræktarskipulag frá 1995:



pm






Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Skógræktarsvæðið er skilgreint þannig í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040, dökkgræni liturinn. Suðurhluti (Vatnsendaheiði) 965.248 m² og norðurhluti (Básaskarð) 118.429 m², samtals 1.083.677 m².




Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026

pm




Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

1993 var gerður samningur milli Kópavogsbæjar, Skógræktarfélags Kópavogs og Skógræktarfélags Íslands um ræktun Landgræðsluskóga í Lækjarbotnum. Stærð svæðisins er um 24 ha og er að nær fullplantað í landið. Samningurinn gildir til ársins 2043. Skógræktarsvæðið í Lækjarbotnum er sýnt þannig á sveitarfélagsuppdrætti í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040, merkt SK-2:



Skógræktarsvæðið í Lækjarbotnum, merkt dökkgrænt, liggur milli sumarhúsaloða að Waldorf-skólanum (appelsínugult) og Selfalli í suðri.



pm






Kópavogsbær


Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Selfjall í Lækjarbotnum

Skógræktarsvæðið á Selfjalli er alls 143,7 ha og er sýnt þannig á sveitarfélagsupprætti í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040, merkt SK-3:





Skógræktarskipulag var gert af öllu svæðinu á Selfjalli, 143,7 ha:



Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026

Árið 2009 var gerður samningur milli Kópavogsbæjar, Skógræktarfélags Kópavogs og Skógræktarfélags Íslands um ræktun Landgræðsluskóga og uppgræðslu á Selfjalli. Stærð samningssvæðisins var 63 ha og gildir samningurinn til ársins 2059. Árið 2020 var gerður samningur sömu aðila um vesturhluta svæðisins.

Mæliblað af austurhluta skógræktar- og uppgræðslusvæðisins á Selfjalli frá 2010.



Fylgiskjal með samningi um vesturhluta skógræktar- og uppgræðslusvæðisins á Selfjalli frá 2020.



Lakheiði / Lækjarbotnar

Á samningstímanum er fyrirhugað að fara í skógrækt á svæði sem nefnt hefur verið Lakheiði / Lækjarbotnar. Um er að ræða 157 ha svæði sem nær yfir austurhluta Selfjalls, norður að beitarhólfi við Fossvallarétt og austur að landamörkum Lækjarbotnlands, eins og sést á afmörkuninni hér:



Drög að skógræktaráætlun fyrir svæðið liggja fyrir en ekki hefur verið gerður samningur um það enn.

Þetta svæði er í raun aðeins hluti af enn stærra skógræktar- og uppgræðslusvæði í Lækjarbotnalandi sem merkt er SK4 á gildandi aðalskipulagi:



f.m.



Magnúsarlundur á Kjóavöllum

Svæðið er í raun tvær sumarbústaðalóðir norðvestan Guðmundarlundar, ræktaðar upp úr miðri síðustu öld. Reiturinn hefur verið í umsjá Skógræktarfélagsins síðan um 2003. Magnúsarlundur er gott dæmi um fjölbreytta trjárækt á sumarhúsaloð og var árið 2014 settur undir hverfisvernd á Aðalskipulagi Kópavogs á grundvelli ræktunar.

Á svæðinu er útikenntusvæði, kurlstígar, grasflatir, borð og bekkir. Gerð hefur verið göngustígatenging að Guðmundarlundi.

Magnúsarlundur er um 1,9 ha að stærð. Afmörkun hans skv. skipulagi sést hér að neðan:

